

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
16.12.2019	17:00	HT stofa 101	8
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Jóna Þórey Pétursdóttir	Helga Lind Mar		16.12.19
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)			
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)			
Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)			
Adda Malín Vilhjálmsson (AMV) (V)			
Sigurhjórtur Pálmason (SP) (R) fyrir Tinna Líf Jörgensdóttir (TLJ) (R)			
Bergþóra Ingþórsdóttir (BI) (V) fyrir Úlfur Traustason (ÚT) (V)			
Isabel Alejandra Diaz (IAD) (R) fyrir Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Azra Crnac (AC) (V)			
Eyrún Baldursdóttir (EB) (R)			
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FÞÞ) (R)			
Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG) (V)			
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ) (R)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Erlingur Sigvaldason (ES) (R) fyrir Eva Ragnarsdóttir Kamban (ERK) (R)			
Derek Terell Allen (DTA) (V)			
Ragnhildur Þrastardóttir (RÞ) (R)			
Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)			
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEÞ) (R)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Rebekka Karlsdóttir (RK) (R) fyrir Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)			
Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)			
Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)			
Salvar Andri (SA) (R) fyrir Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)			

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JÞP)
Marinó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs (MÖÓ)
Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)
Benedikt Traustason, varaforseti Stúdentaráðs (BT)
Helga Lind Mar, framkvæmdastýra Stúdentaráðs (HLM)
Elísabet Brynjarsdóttir, Aurora fulltrúi Stúdentaráðs (EB2)
Kolfinna Tómasdóttir, alþjóðafulltrúi Stúdentaráðs (KT)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:Heilbrigðisvísindasvið:Hugvísindasvið:Menntavísindasvið:

Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)
Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)
Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)
Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KLK) (V)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Einar Halldórsson (EH) (V)

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur mánudaginn 16. desember stofu HT 101 kl. 17:00

1. [Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar \(atkvæðagreiðsla\) 17:00-17:05](#)
2. [Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15](#)
3. [Aurora kynning - Elísabet Brynjarsdóttir forseti Aurora stúdentaráðsins 17:15-17:45](#)
4. [Fjármál skrifstofu Stúdentaráðs og nýr samningur við Háskóla Íslands - kynning 17:45-18:20](#)

5. [Önnur mál 18:20-18:30](#)

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
 - *Eintóma samþykkt*
2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15
 - MSN staða
 - i. Það verður ekki klárað fyrir áramót eins og staðan er núna. Erum að fá jákvætt viðmót en við þurfum að gera meira. Jákvæðar vísbendingar um að við munum ná einhverju fram. Það eru mörg ánægð og taka vel í kröfu okkar um vaxtahámark.
 - ii. Núna 12. desember kom nýtt skjal frá MRN inn á alþingisvefinn þar sem þau bregðast við öllum álitum. Jóna Þórey og Marinó búin að hugsa hvort þau eigi að koma með viðbrögð til að þau eigi ekki síðasta orðið.
 - COP25 staða
 - i. Jóna Þórey var í Stokkhólmi og er að undirbúa skýrslu. Mikið af viðburðum þar sem tengdust Madrid og var hún að fylgjast með á báðum stöðum. Það felst í því að vera svona key listener að miðla áfram og er hægt að sjá margt frá henni m.a. í highlights á Instagram
 - 100 ára afmælisstaða
 - i. Gengur vel með RUV. Það á eftir að funda með rektor en sá fundur verður 19. desember. Sjáum hvað kemur út úr því. Þetta yrði sýnt bæði á Rúv Núll og línulegri dagskrá.
 - [Upplýsingabæklingur](#) fyrir kosningar
 - i. Kostar 10.þús. Munum sjálf setja það upp. Keyptum Indesign skjalið af þeim einstaklingi sem setti þetta upp fyrir tveimur árum og breytum sjálf.
 - Loftlagsverkföll
 - i. DJ margeir kom og spilaði á síðasta verkfalli. Færðum okkur nær húsinu og vorum beðin um að færa okkur.
- *EB2: Afhverju voru börnin ekki handtekin eins og á mótmælum no borders?*
 - Logo samþykki - Framlengdum frestin.
 - Klappþema:
- *EB2: Leggur til fingrasmelli.*
3. Aurora kynning - Elísabet Brynjarsdóttir forseti Aurora stúdentaráðsins 17:15-17:45
 - Elísabet fer yfir stöðuna og afhverju hún sé hérna ennþá þrátt fyrir að hafa lokið setu sinni sem forseti síðasta vor. Hún fer yfir hvað það er sem Aurora er og hvernig hún endaði sem Aurorafulltrúi. Þegar hún fór að fara erlendis að taka þátt fannst henni skrýtið að það væri ekki meiri þátttaka frá SHÍ. Eftir að

LÍŠ kom til sögunnar færðist þjóðastarf SHÍ þangað yfir og þarna var komið tækifæri til að taka aftur þátt í starfi sem þessu.

- Í þessu netverki sem Aurora er, eru 9 háskólar sem allir upplifa að þeir séu „underrepresented“ og þetta eru alls ekki ríkustu háskólarnir. Þessir háskólar vildu allir leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð.
 - *Ragnhildur Þrastardóttir kemur inn. 17:23*
- Stúdentaráð Aurora sem við erum að taka þátt í. Það er fallett að þarna eru saman komin stúdentar, rektorar, stjórnsýslan og allir eru saman til að deila „best practises“. Það er rætt allt á milli lánasjóða og stúdentahúsnæðis.
- Elísabet ákvað að bjóða sig fram sem forseti Aurora og var kjörin með einu atkvæði fram yfir. Sinnti því einnig í fyrra samhliða því að vera forseti SHÍ.
- Það eru áhugaverðir tímar í gangi núna. Macron talaði um „European University Network“ og þá fór margt að gerast. Hugsunin er að þú getir skráð þig í nám í einu landi, en klárað það mögulega í öðru landi. Getur púslað saman eftir hentisemi. Búið að gera sjóð sem netverk geta sótt um fjármagn. Aurora er að sækja um í þetta núna.
 - *RP - Eru allir að gera þetta saman?*
 - *EB2: Já Jón Atli með öllu í Aurora. Evrópusambandið er ekkert sérstaklega ánægt með að það er að verða samkeppni á milli netverkanna, en það er bara það sem er verið að gerast.*
- Aurora er mjög leiðandi varðandi það að stúdentar taki mikið þátt en Elísabet hefur barist fyrir því lengi að stúdentar fái atkvæðisrétt í Aurora.
 - *RP: Sjúklega áhugavert - Núna í ár er LÍN málið búið að vera stóra málið? Þetta kemur síðan ofan í tanngreiningar. - Núna er verið að undirbúa umsókn í þennan sjóð og senda hana í febrúar. 2021. Verður þetta aðalmálið í stúdentaráði?*
 - *JPP: Það fer eftir aðgengileika umsóknarinnar.*
- *SP: Snýst proposalið um að samrýma háskólana?*
 - *EB2: Þetta er óraunhæft samkvæmt mörgum en þetta er til þess að geta farið betur á milli og nýtt menntun í öðrum skólum.*
- *EB2: Vert að taka það fram að ESU hefur gagnrýnt að þetta sé laumuelítismi.*
- *ÁJ: Hversu margir styrkir eða er þetta pottur sem er skipt?*
 - *EB2: Það veit enginn hvað er mikill peningur. 67 netverk sem fengu úthlutun í fyrsta. Evrópusambandið segir ekkert.*
- *BI: Er stefnan sú að þú gætir farið að vinna alls staðar í evrópu. Kerfin samhæfast?*
 - *EB2: ekki alveg heldur á gráðan að vera metin til jafns í menntakerfum*
 - *JPP: Þetta tekur í raun ekki á vinnulöggjöf og reglugerðum sem ríkja í ESB.*

- IAS - Verður alltaf Aurora fulltrúi vera?
 - EB2: Verður líklegast undir alþjóðafulltrúa á næsta ári en það er undir næsta ári komið.

- 4. Fjármál skrifstofu Stúdentaráðs og nýr samningur við Háskóla Íslands - kynning 17:45-18:20
 - HLM greinir frá endurskoðuðum samningi SHÍ við HÍ og hvers vegna samið var jafn seint og raun bar vitni.
 - Opnað fyrir umræður 18:15
 - RP: Dekkar LÍN laun lánasjóðafulltrúa?
 - JPP: Já, líka með vinnu við umsögn frumvarpsins
 - HLM: Hann er í 30%, þetta hefur dugað til þess
 - IAS: Þú talar um breyttar forsendur gagnvar samningsgerðinni, hverjar eru þær?
 - HLM: Núna erum við með forsendur. Það voru engar forsendur til staðar í fyrri samningum. Það var bara einhver launatala sem var síðan uppreiknuð mv. vísitölu. Núna ætti samningurinn að dekka launakostnað 100%.
 - EB2: Vil aðeins fá að útskýra hver staðan var. SHÍ var 10 milljónir í mínus, þannig það þurfti að semja með öðrum hætti.
 - HLM: Forsendurnar eru núna komnar inn í samning.
 - EB2: Lánasjóðsfulltrúinn okkar er ótrúlega mikilvægur. Útskýrir mun á afstöðu LÍS og SHÍ.
 - IAS: Ein stutt spurning. Er samið við LÍN á hverju ári?
 - HLM: Það er samið til tveggja ára
 - JPP: Samningurinn mun gilda í MSN.
 - JPP: Risa sjátát á síðustu tvær skrifstofur fyrir vinnur þeirra sem gera okkur kleift að vinna svona vel að þessu í ár.

- 5. Önnur mál 18:20-18:30

Fundi slitið